

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

Ársreikningur

2013

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar
Sigtúni 42
105 Reykjavík
Kt. 430269-6589

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

Ársreikningur

2013

Efnisyfirlit

| | |
|---|------|
| Skýrsla stjórnar | 2-3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-14 |
| Kennitölur | 15 |

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Starfsemi sjóðsins á árinu

Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar var með hefðbundnum hætti á árinu. Rekstrarkostnaður nam 70,4 m.kr. sem er 0,1% af hreinni eign eins og árið áður. Fjárfestingargjöld námu 99,3 m.kr. samanborið við 81,3 m.kr. 2012. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum, þar sem Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga sér um rekstur hans samkvæmt samningi þar um.

Iðgjöld

Á árinu 2013 greiddu 613 sjóðfélagar iðgjöld að meðaltali á mánuði til A-deildar (668). (Tölur innan sviga eru vegna ársins á undan). Alls áunnu 594 sjóðfélagar sér réttindi vegna greiddra iðgjalda á árinu 2013 (650). Óvirkir sjóðfélagar sem eiga réttindi hjá sjóðnum eru 14.271 talsins (14.319), þar af 1.515 í A-deild (almenn deild) og 12.756 í B-deild (stiga deild).

Iðgjöld sjóðfélaga ásamt mótframlagi launagreiðenda námu 330,5 m.kr. árið 2013 (337,3), sem samsvarar um 2% lækkun. Endurgreiðslur launagreiðenda á greiddum lífeyrir eða sérstakt aukaframlag var 1.571,0 m.kr. (1.460,9) og hækkaði þessi liður um 7,5%. Heildariðgjöld til sjóðsins á árinu 2013 námu 1.901,4 m.kr. (1.795,3) sem svarar til 5,9% hækkunar á milli ára. Réttindaflutningur og endurgreiðslur voru nettó 0,05 m.kr. í útgreiðslur (2,9).

Endurgreiðsluhlutfall greidds lífeyris var að tillögu tryggingastærðfræðings 69% árið 2013, sem er óbreytt frá fyrra ári. Þær stofnanir og fyrirtæki sem gert hafa upp áfallnar lífeyrisskuldbindingar sínar eru ekki krafín um hlutdeild í greiðslu lífeyris.

Lífeyrir

Heildargreiðslur lífeyris á árinu 2013, námu 2.929,0 m.kr. (2.709,6) sem er 8,1% hækkun milli ára sem skýrist einkum af fjölgun lífeyrisþega. Lífeyrisþegar voru að meðaltali 3.027 (2.906) á mánuði, þ.e. 2.181 (2.051) sem fengu ellilífeyri, 375 (383) örorkulífeyri, 456 (454) makalífeyri og 15 (18) barnalífeyri.

Fjárfestingar

Í árslok 2013 námu fjárfestingar sjóðsins 65.709,5 m.kr. (61.722,2). Á árinu ráðstafaði sjóðurinn 6.317,1 m.kr. til fjárfestinga, þ.e. 2.128,6 m.kr. til kaupa á verðbréfum með föstum tekjum eða 34% og 4.188,5 m.kr. til kaupa á verðbréfum með breytilegum tekjum eða 76%. Seld verðbréf og fengnar afborganir námu 9.032,4 m.kr. á árinu.

Samsetning fjárfestinga er þannig að 98,8% eru í íslenskum krónum en 1,2% í öðrum gjaldmiðlum.

Varúðarniðurfærsla óskráðra verðbréfa nam 766,9 m.kr. í árslok 2013, og lækkaði um 237,9 m.kr. milli ára.

Tryggingafræðileg athugun

Samkvæmt athugun Bjarna Guðmundssonar tryggingastærðfræðings, á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í árslok 2013 nam áfallin skuldbinding A-deildar 73.111 m.kr. og áfallin skuldbinding B-deildar 3.804 m.kr. eða samtals 76.915 m.kr. Áfallin skuldbinding hækkar um 4,7% frá fyrra ári. Vakin er athygli á því að framsetning tryggingafræðilegrar stöðu hefur verið breytt í skýringu 30 með ársreikningnum og er gerð nánari grein fyrir því þar.

Borgarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins.

Ávöxtun á markaði

Úrvalsvisitala innlendra hlutabréfa OMX16 hækkaði um 18,9% á árinu. Visitala innlendra skuldabréfa hækkaði um 2% fyrir verðtryggð og 6% fyrir óverðtryggð. Visitala neysluverðs til verðtryggingar hækkaði um 3,7%. Heimsvisitala hlutabréfa hækkaði um 19% mælt í evrum og 24% mælt í bandaríkjadöllum.

Hrein eign til greiðslu lífeyris og ávöxtun

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 65.834,6 m.kr. í árslok, samborið við 61.924,4 m.kr. í ársbyrjun sem svarar til 6,3% hækkunar.

Skuldabréf með ríkisábyrgð eru 79,7% af verðbréfum með föstum tekjum í árslok og skuldabréf fyrirtækja og sveitarfélaga samtals 18,5%. Ávöxtun sjóðsins tekur þannig að mestu mið af verðbólgu ársins og föstum vöxtum bréfanna. Fjárfestingatekjur voru jákvæðar um 5.107,6 m.kr. (4.782,9).

Nafnávöxtun sjóðsins var 8,0% (8,0%) og hrein raunávöxtun 4,2%, (3,4%). Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar er 3,4% sem er viðunandi þar sem sjóðnum hefur verið lokað og lífeyrisgreiðslur orðnar meiri en iðgjöld. Lífeyrisskuldbindingar eru núvirtar með 3,5% ávöxtunarkröfu. Í kennitölum meðfylgjandi ársreikningi er að finna upplýsingar um ávöxtun einstakra ára.

Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Það hafa engir atburðir orðið eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu fyrir ársreikninginn.

Framtíðarþróun

Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á árinu 1998. Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir að iðgjöld til hans og ávöxtun þeirra dugi fyrir lífeyrisgreiðslum. Samkvæmt 22. grein samþykktu sjóðsins skulu því borgarsjóður og aðrir launagreiðendur greiða tiltekinn hundradshluta lífeyris skv. ákvörðun borgarstjórnar að fenginni umsögn sjóðstjórnar og tryggingafræðings. Það hlutfall er nú 69% og stendur lífeyrissjóðurinn þannig undir 31% af greiddum lífeyri. Miðað við þetta hlutfall til framtíðar verða heildar eignir sjóðsins verulega hærrí en heildar skuldbindingar. Megin áhersla er og verður lögð á trygga ávöxtun með fjárfestingum í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs og annarra opinberra aðila.

Staðfesting stjórnar

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2013, efnahag hans 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013 í samræmi við lög um ársreikninga.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. apríl 2014.

Í stjórn

Björk Vilhelmsdóttir

stjórnarformaður

Þorgrímur Hallgrímsson

Jón Fjörnir Thoroddsen

Júlíus Vífill Ingyarsson

Ása Clausen

Framkvæmdastjóri

Jón G. Kristjánsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar og kennitölur.

Ábyrgð stjórnenda og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjóm og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjóm og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjómendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2013, efnahag hans 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og lög um ársreikninga og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Reykjavík, 22. apríl 2014.

PricewaterhouseCoopers ehf.


löggiltur endurskoðandi

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris

Árið 2013

| | Skýr. | 2013 | 2012 |
|--|-------|------------------------|------------------------|
| Iðgjöld | 6 | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 102.951.362 | 103.861.101 |
| Iðgjöld launagreiðenda | 17 | 227.536.534 | 233.497.423 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | (48.093) | (2.927.779) |
| Sérstök aukaframlög | 17 | 1.570.974.800 | 1.460.901.414 |
| | | <u>1.901.414.603</u> | <u>1.795.332.159</u> |
| Lífeyrir | | | |
| Lífeyrir | 18 | (2.924.837.656) | (2.708.539.887) |
| Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris | | (222.423) | (271.686) |
| Framlag til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs | | (3.911.682) | (754.264) |
| | | <u>(2.928.971.761)</u> | <u>(2.709.565.837)</u> |
| Fjárfestingartekjur | 7 | | |
| Tekjur af eignarhlutum | 19 | 240.094.287 | 29.601.447 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 20 | 4.759.976.299 | 4.787.285.051 |
| Breyting á niðurfærslu | 23 | 107.492.236 | (33.995.252) |
| | | <u>5.107.562.822</u> | <u>4.782.891.246</u> |
| Fjárfestingargjöld | 8 | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (46.966.046) | (44.173.236) |
| Önnur fjárfestingargjöld | | (52.376.973) | (37.082.897) |
| | | <u>(99.343.019)</u> | <u>(81.256.133)</u> |
| Rekstrarkostnaður | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (70.449.070) | (66.259.853) |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | | 3.910.213.575 | 3.721.141.582 |
| Hrein eign frá fyrra ári | | <u>61.924.369.073</u> | <u>58.203.227.491</u> |
| Hrein eign í lok árs til greiðslu lífeyris | | <u>65.834.582.648</u> | <u>61.924.369.073</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

| | Skýr. | 31.12.2013 | 31.12.2012 |
|---|----------------|-----------------------|-----------------------|
| Fjárfestingar | 10,11,12 | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 21 | 6.083.221.044 | 3.283.968.601 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 22,23 | 57.949.188.656 | 57.265.424.960 |
| Veðlán | 24 | 908.270.146 | 1.112.846.126 |
| Bankainnistæður | | 768.775.503 | 59.940.102 |
| | | <u>65.709.455.349</u> | <u>61.722.179.789</u> |
| Kröfur | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | 27 | 55.927.201 | 47.393.026 |
| Aðrar kröfur | | 2.164.133 | 4.995.768 |
| | | <u>58.091.334</u> | <u>52.388.794</u> |
| Aðrar eignir | | | |
| Sjóður og veltiinnlán | | 171.477.232 | 232.956.539 |
| Eignir samtals | | <u>65.939.023.915</u> | <u>62.007.525.124</u> |
| Viðskiptaskuldir | | | |
| Ýmsar skuldir | | 104.441.267 | 83.156.051 |
| Skuldir samtals | | <u>104.441.267</u> | <u>83.156.051</u> |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | | <u>65.834.582.648</u> | <u>61.924.369.073</u> |
| Tryggingafræðileg athugun | 30 | | |
| Aðrar upplýsingar | 25,26,28 og 29 | | |

Sjóðstreymi

Árið 2013

| | Skýr. | 2013 | 2012 |
|---|-------|------------------------|------------------------|
| Inngreiðslur | | | |
| Iðgjöld | | 1.895.712.063 | 1.790.986.213 |
| Fjárfestingartekjur..... | | (886.155.714) | 3.380.630.355 |
| Afborganir verðbréfa..... | | 2.096.927.906 | 429.729.272 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum..... | | 2.117.254.538 | 994.441.503 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum..... | | 4.818.206.523 | 4.319.972.992 |
| | | <u>10.041.945.316</u> | <u>10.915.760.335</u> |
| Útgreiðslur | | | |
| Lífeyrir..... | | (2.928.971.761) | (2.709.565.837) |
| Fjárfestingargjöld..... | | (99.343.019) | (81.256.133) |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta..... | | (70.449.070) | (66.259.853) |
| Aðrar útgreiðslur..... | | (687.550.185) | (94.808.910) |
| | | <u>(3.786.314.035)</u> | <u>(2.951.890.733)</u> |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu | | <u>6.255.631.281</u> | <u>7.963.869.602</u> |
| Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting | | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | | (4.188.494.472) | (1.843.279.279) |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | | <u>(2.128.616.118)</u> | <u>(6.114.605.161)</u> |
| | | <u>(6.317.110.590)</u> | <u>(7.957.884.440)</u> |
| (Lækkun)/hækkun á sjóði og veltiinnlánnum | | (61.479.307) | 5.985.162 |
| Sjóður og veltiinnlán í upphafi ársins | | <u>232.956.539</u> | <u>226.971.377</u> |
| Sjóður og veltiinnlán í lok ársins | | <u>171.477.232</u> | <u>232.956.539</u> |

Skýringar

I) Starfsemi

1. Almenn

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) var stofnaður með samþykkt bæjarstjórnar þann 2. janúar 1930 og hét þá Eftirlaunasjóður Reykjavíkurbæjar. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur til þess fullgilt starfsleyfi, sem gefið var út 8. desember 1998. Sjóðurinn rekur tvær samtryggingadeildir (A og B) (nr. 640).

2. Sjóðfélagar

Lokaður sjóður

Sjóðnum var lokað fyrir inngöngu nýrra sjóðfélaga frá og með 1. janúar 1998 og fellur starfsemi hans nú undir ákvæði 54. gr. laga nr. 129/1997.

A deild

A deild er almenn deild. Sjóðfélagar eru allir starfsmenn Reykjavíkurborgar og stofnana hennar, sem unnið hafa hjá þessum aðilum hálf starf eða meira í fulla tólf mánuði og falla undir lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Iðgjald er 12%, þ.e. 4% frá sjóðfélaga og 8% frá launagreiðanda. Hafi sjóðfélagi greitt til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður og launagreiðandi greiðir 12%. Lífeyrir er ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri hafi sjóðfélagi greitt í a.m.k. 5 réttindaár, örorkulífeyrir, ævilangur makalífeyrir og barnalífeyrir. Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár.

Lífeyrisréttindi eru miðuð við laun sem fylgja starfi því er sjóðfélagi gegndi síðast (eftirmannsregla) eða breytast með meðalvísitölu launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu sem Hagstofa Íslands reiknar út.

B deild

Framangreind ákvæði gilda ekki um réttindi sjóðfélaga sem ekki ná fimm ára starfstíma. Um réttindi þeirra gilda ákvæði samkvæmt grundvallarreglugerð Sambands almennra lífeyrissjóða frá árinu 1997 og eru réttindi þeirra sjóðfélaga varðveitt í B-deild sjóðsins. Fyrir hvert ár sem greitt er til sjóðsins ávinnst ellilífeyrisréttur sem er 1,4% af þeim launum sem greitt er af og eru þau réttindi verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs. Ellilífeyrisaldur er 67 ára og makalífeyrisréttur ekki ævilangur.

Ábyrgð borgarsjóðs

Borgarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins, en auk iðgjaldagreiðslna skulu borgarsjóður og viðkomandi stofnanir endurgreiða tiltekið hlutfall af útgjöldum til lífeyrisgreiðslna. Hlutfallið er ákveðið af borgarstjórn að fenginni umsögn tryggingafræðings og sjóðsstjórnar. Endurgreiðsluhlutfall var 69% árið 2013 og 69% árið 2012.

3. Daglegur rekstur

Frá 1. júní 1999 hefur Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga haft umsjón með og annast daglegan rekstur sjóðsins.

II) Reikningsskilaaðferðir

4. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga, lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjarmaáleftirlitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

5. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skýringar

6. Iðgjöld

Iðgjöld eru færð til tekna þegar skilagreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Ógreidd iðgjöld í árslok eru færð til eignar sem kröfur á launagreiðendur. Sérstök aukaframlög er hlutdeild launagreiðenda samkvæmt samþykktum sjóðsins. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingargjaldi vegna launa og rennur til lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða.

7. Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum samanstanda af fengnum arði og breytingu á markaðsverði hlutabréfa, þ.m.t. vegna breytingu á gengi gjaldmiðla.

Vaxtatekjur og gengismunur samanstanda af vaxtatekjum og verðbótum af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bankainnistæðum og ógreiddum iðgjöldum. Einnig af gengismun erlendra skuldabréfa og breytingu á markaðsverði hlutdeildarskírteina.

8. Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaði er skipt á milli fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar eftir því hvort um er að ræða áætlaðan kostnað við fjárfestingar eða annan rekstur sjóðsins.

Önnur fjárfestingargjöld samanstanda af beinum kostnaði við fjárfestingar sjóðsins.

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar á enga varanlega rekstrarfjármuni í árslok 2013.

10. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum samanstanda af hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum og öðrum verðbréfum með breytilega vaxtaviðmiðun. Skráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini eru færð til eignar á markaðsverði í árslok. Óskráð eru færð til eignar á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í árslok.

11. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum samanstanda af skuldabréfum og öðrum verðbréfum með föstum vöxtum eða tiltekinni vaxtaviðmiðun. Verðbréfin eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu. Í árslok er metin þörf á niðurfærslu og ef hún er talin nauðsynleg þá er bókfært verð fært niður í áætlað markaðsverð.

12. Veðlán

Veðlán samanstanda af skuldabréfum með veði í fasteignum. Þau eru færð til eignar með sama hætti og önnur verðbréf með föstum tekjum.

13. Afleiðusamningar

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar er ekki með neina afleiðu-, skipta- eða gjaldmiðlasamninga í árslok 2013.

14. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við skráð gengi Seðlabanka Íslands í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Skráð kaupgengi Seðlabanka Íslands greinist þannig í árslok:

| | | Árslokagengi | |
|-----------------------|------|--------------|------------|
| | Mynt | 31.12.2013 | 31.12.2012 |
| Evra..... | EUR | 158,06 | 169,33 |
| Bandaríkjadóllar..... | USD | 114,76 | 128,43 |
| Sænsk króna..... | SEK | 17,90 | 19,70 |
| Danskar krónur..... | DKR | 21,19 | 22,69 |

Skýringar

15. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur og aðrar kröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni, grundvallað á stöðu á reikningssskiladegi.

16. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

III) Sundurliðanir

17. Iðgjöld launagreiðenda

Iðgjöld launagreiðenda greinast þannig:

| | 2013 | 2012 |
|---|----------------------|----------------------|
| Lögbundin iðgjöld launagreiðenda..... | 227.536.534 | 233.497.423 |
| Sérstök aukaframlög | | |
| Sérstök aukaframlög greinast þannig: | | |
| | 2013 | 2012 |
| Viðbótarhlutdeild í lífeyrisgreiðslum..... | 1.448.523.976 | 1.328.730.487 |
| Viðbótarhlutdeild í lífeyrisgreiðslum / samtímagreiðslur..... | 98.643.253 | 108.811.351 |
| Framlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði..... | 23.807.571 | 23.359.576 |
| | <u>1.570.974.800</u> | <u>1.460.901.414</u> |

18. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

| | 2013 | 2012 |
|---------------------|----------------------|----------------------|
| Ellilífeyrir | 2.193.488.688 | 2.000.435.440 |
| Makalífeyrir..... | 539.104.150 | 515.875.497 |
| Örorkulífeyrir..... | 190.020.343 | 189.526.768 |
| Barnalífeyrir..... | 2.224.475 | 2.702.182 |
| | <u>2.924.837.656</u> | <u>2.708.539.887</u> |

19. Tekjur (gjöld) af eignarhlutum

Tekjur (gjöld) af eignarhlutum greinast þannig:

| | Innlend | Erlend | Samtals 2013 | Samtals 2012 |
|---------------------|-------------|------------|-----------------|-----------------|
| Af hlutabréfum..... | 200.261.266 | 39.833.021 | 240.094.287 | 29.601.447 |

20. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

| | Innlend | Erlend | Samtals 2013 | Samtals 2012 |
|---|----------------------|-------------------|----------------------|----------------------|
| Af verðbréfum með breytilegar tekjur..... | 429.648.497 | 80.592.288 | 510.240.785 | 222.248.827 |
| Af verðbréfum með fastar tekjur..... | 4.143.240.713 | 0 | 4.143.240.713 | 4.444.520.472 |
| Af veðlánnum..... | 80.271.941 | 0 | 80.271.941 | 110.829.087 |
| Af bankainnistæðum..... | 26.081.383 | 0 | 26.081.383 | 12.963.472 |
| Af kröfum..... | 141.477 | 0 | 141.477 | (3.276.807) |
| | <u>4.679.384.011</u> | <u>80.592.288</u> | <u>4.759.976.299</u> | <u>4.787.285.051</u> |

Skýringar

21. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | Innlend | Erlend | Samtals 2013 | Samtals 2012 |
|---------------------------------|----------------------|--------------------|----------------------|----------------------|
| Skuldabréfasjóðir..... | 990.413.428 | 36.467.168 | 1.026.880.596 | 1.080.989.794 |
| Peningamarkaðssjóðir..... | 673.997 | 0 | 673.997 | 724.498 |
| Hlutabréf 1)..... | 1.141.961.979 | 95.804.151 | 1.237.766.130 | 684.854.428 |
| Hlutabréfasjóðir..... | 2.665.965.311 | 4.545.122 | 2.670.510.433 | 454.301.978 |
| Hlutabréfatengd skuldabréf..... | 3.354.000 | 0 | 3.354.000 | 3.354.000 |
| Framtakssjóðir..... | 1.144.035.888 | 0 | 1.144.035.888 | 1.059.743.903 |
| | <u>5.946.404.603</u> | <u>136.816.441</u> | <u>6.083.221.044</u> | <u>3.283.968.601</u> |

1) Eignarhlutdeild í einstökum hlutafélögum er undir 2% og bókfært verð einstakra eignarhluta er undir 0,5% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

22. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | 2013 | 2012 |
|---------------------------------|-----------------------|-----------------------|
| Skuldabréf með ríkisábyrgð..... | 46.194.520.709 | 47.073.241.419 |
| Skuldabréf sveitarfélaga..... | 2.011.050.671 | 2.021.619.284 |
| Skuldabréf lánastofnana..... | 1.036.152.524 | 837.289.326 |
| Skuldabréf fyrirtækja..... | 8.707.464.752 | 7.333.274.931 |
| | <u>57.949.188.656</u> | <u>57.265.424.960</u> |
| Áætlað markaðsverð..... | <u>59.341.639.265</u> | <u>59.401.170.916</u> |

Á árinu 2013 skuldbatt sjóðurinn sig til að fjárfesta fyrir 750 milljónir króna í veðskuldabréfasjóði.

23. Niðurfærsla verðbréfa

Bókfært verð óskráðra bréfa hefur verið fært niður varúðarniðurfærslu sem byggir á mati stjórnenda sjóðsins á því hvað viðkomandi skuldari getur greitt og verðmæti þeirra trygginga sem að baki liggja. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni. Breyting á niðurfærslu á árinu greinist þannig:

| | 2013 | 2012 |
|----------------------------------|--------------------|----------------------|
| Staða í ársbyrjun..... | 1.004.766.235 | 1.097.928.233 |
| Tekjufært/gjaldfært á árinu..... | (107.492.236) | 33.995.252 |
| Lækkun niðurfærslu á árinu..... | (130.390.138) | (127.157.250) |
| Staða í árslok..... | <u>766.883.861</u> | <u>1.004.766.235</u> |

Niðurfærsla í árslok greinist þannig:

| | 31.12.2013 | 31.12.2012 |
|---------------------------------|--------------------|----------------------|
| Skuldabréf fyrirtækja..... | 753.467.861 | 991.350.235 |
| Hlutabréfatengd skuldabréf..... | 13.416.000 | 13.416.000 |
| | <u>766.883.861</u> | <u>1.004.766.235</u> |

Aðrar eignir í ársreikningi þessum hafa ekki verið færðar niður varúðarniðurfærslu

Skýringar

24. Veðlán

Veðlán greinast þannig (allt innlend):

| | 2013 | 2012 |
|----------------------------|--------------------|----------------------|
| Veðlán til sjóðfélaga..... | 776.510.430 | 856.665.783 |
| Veðlán til annarra..... | 131.759.716 | 256.180.343 |
| | <u>908.270.146</u> | <u>1.112.846.126</u> |

25. Aðrar fjárfestingar

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar á engar fullnustueignir í árslok 2013.

26. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar greinast þannig eftir gjaldmiðlum.

| | Mynt | 31.12.2013 | 31.12.2012 |
|-----------------------|------|-----------------------|-----------------------|
| Íslenskar krónur..... | ISK | 64.919.380.806 | 61.222.935.417 |
| Bandaríkjadalur..... | USD | 670.851.958 | 437.798.477 |
| Danskar krónur..... | DKK | 95.804.151 | 56.442.883 |
| Evrur..... | EUR | 18.873.312 | 0 |
| Sænskar krónur..... | SEK | 4.545.122 | 5.003.012 |
| | | <u>65.709.455.349</u> | <u>61.722.179.789</u> |

27. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur eru vegna ógreiddra iðgjalda í árslok.

28. Laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og framkvæmdastjóra

Laun til stjórnar greinast þannig:

| | 2013 | 2012 |
|--------------------------------|------------------|------------------|
| Björk Vilhelmsdóttir | 1.320.000 | 1.320.000 |
| Ása Clausen | 660.000 | 660.000 |
| Þorgrímur Hallgrímsson | 660.000 | 660.000 |
| Jón Fjörnir Thoroddsen | 660.000 | 660.000 |
| Júlíur Vífill Ingvarsson | 660.000 | 660.000 |
| Kolbrún Hauksdóttir | 10.200 | 0 |
| | <u>3.970.200</u> | <u>3.960.000</u> |

Framkvæmdastjóri er ekki á launaskrá, en sjóðurinn greiðir hlutdeild í rekstrarkostnaði Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga og er sá kostnaður færður undir skrifstofu- og stjórnunarkostnað.

Laun til endurskoðunarnefndar greinast þannig:

| | 2013 | 2012 |
|-----------------------------------|----------------|----------------|
| Birgir Björn Sigurbjörnsson | 90.000 | 390.000 |
| Björk Vilhelmsdóttir | 60.000 | 180.000 |
| Ása Clausen | 60.000 | 160.000 |
| | <u>210.000</u> | <u>730.000</u> |

Skýringar

29. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:

| | 2013 | 2012 |
|--------------------------------|------------------|------------------|
| Endurskoðun ársreiknings | 5.009.432 | 4.845.276 |
| Innri endurskoðun | 730.787 | 1.266.503 |
| Önnur aðstoð | 249.369 | 80.446 |
| | <u>5.989.588</u> | <u>6.192.225</u> |

IV) Tryggingafræðileg athugun

30. Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir að iðgjöld til hans og ávöxtun þeirra dugi fyrir lífeyrisgreiðslum. Samkvæmt 22. grein samþykktu sjóðsins skulu því borgarsjóður og aðrir launagreiðendur greiða tiltekinn hundradshluta lífeyris skv. ákvörðun borgarstjórnar að fenginni umsögn sjóðstjórnar og tryggingastærðfræðings. Það hlutfall er nú 69% og er lífeyrissjóðnum þannig ætlað að standa undir 31% af greiddum lífeyri. Miðað við þetta hlutfall til framtíðar verða heildar eignir sjóðsins verulega hærri en heildar skuldbindingar.

Sú breyting er gerð á framsetningu tryggingafræðilegrar athugunar að tekið er tillit til framtíðar greiðsluflæðis þessara endurgreiðslna enda gefur sú framsetning skýrari og réttari mynd af heildarskuldbindingum lífeyrissjóðsins heldur en eldri framsetning. Aftast í skýringunni er gerð grein fyrir niðurstöðum án þessara endurgreiðslna til samræmis við eldri framsetningu.

Tryggingafræðileg athugun miðað við árslok greinist þannig (í milljónum króna):

| A - deild: | Afallin skuldbinding | Framtíðar skuldbinding | Samtals 31.12.2013 | Samtals 31.12.2012 |
|---|-------------------------|---------------------------|-----------------------|-----------------------|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris..... | 61.872 | 0 | 61.872 | 58.288 |
| Endurmat verðbréfa..... | (1.411) | 0 | (1.411) | (1.814) |
| Lækkun vegna núvirðis fjárfestingarkostnaðar..... | (1.059) | 0 | (1.059) | (1.011) |
| Hluti launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum..... | 0 | 41.310 | 41.310 | 40.653 |
| Núvirði framtíðariðgjalda..... | 0 | 2.458 | 2.458 | 2.659 |
| Eignir alls | <u>59.402</u> | <u>43.768</u> | <u>103.169</u> | <u>98.775</u> |
| Ellilífeyrir..... | 56.833 | 4.869 | 61.702 | 59.674 |
| Örorkulífeyrir..... | 1.551 | 123 | 1.674 | 1.702 |
| Makalífeyrir..... | 13.253 | 871 | 14.124 | 14.064 |
| Barnalífeyrir..... | 27 | 14 | 41 | 46 |
| Rekstrarkostnaður..... | 1.447 | 168 | 1.615 | 1.544 |
| Skuldbindingar alls | <u>73.111</u> | <u>6.045</u> | <u>79.156</u> | <u>77.030</u> |
| Eignir umfram skuldbindingar..... | <u>(13.710)</u> | <u>37.723</u> | <u>24.013</u> | <u>21.745</u> |
| Í hlutfalli af skuldbindingum..... | <u>(18,8%)</u> | <u>624,0%</u> | <u>30,3%</u> | <u>27,0%</u> |

Skýringar

| <i>B - deild</i> | Afallin skuldbinding | Framtíðar skuldbinding | Samtals 31.12.2013 | Samtals 31.12.2012 |
|---|-------------------------|---------------------------|-----------------------|-----------------------|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris..... | 3.963 | 0 | 3.963 | 3.636 |
| Endurmat verðbréfa..... | (91) | 0 | (91) | (113) |
| Lækkun vegna núvirkis fjárfestingarkostnaðar..... | (68) | 0 | (68) | (63) |
| Eignir alls | 3.804 | 0 | 3.804 | 3.460 |
| Ellilífeyrir..... | 3.234 | 0 | 3.234 | 2.912 |
| Örorkulífeyrir..... | 375 | 0 | 375 | 374 |
| Makalífeyrir..... | 120 | 0 | 120 | 107 |
| Rekstrarkostnaður..... | 75 | 0 | 75 | 67 |
| Skuldbindingar alls | 3.804 | 0 | 3.804 | 3.460 |
| Eignir umfram skuldbindingar..... | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Í hlutfalli af skuldbindingum..... | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% |

| <i>LsRb alls</i> | Afallin skuldbinding | Framtíðar skuldbinding | Samtals 31.12.2013 | Samtals 31.12.2012 |
|---|-------------------------|---------------------------|-----------------------|-----------------------|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris..... | 65.835 | 0 | 65.835 | 61.924 |
| Endurmat verðbréfa..... | (1.502) | 0 | (1.502) | (1.928) |
| Lækkun vegna núvirkis fjárfestingarkostnaðar..... | (1.127) | 0 | (1.127) | (1.074) |
| Hluti launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum..... | 0 | 41.310 | 41.310 | 40.652 |
| Núvirkni framtíðariðgjalda..... | 0 | 2.458 | 2.458 | 2.659 |
| Eignir alls | 63.206 | 43.768 | 106.974 | 102.234 |
| Ellilífeyrir..... | 60.067 | 4.869 | 64.936 | 62.586 |
| Örorkulífeyrir..... | 1.926 | 123 | 2.049 | 2.076 |
| Makalífeyrir..... | 13.373 | 871 | 14.244 | 14.171 |
| Barnalífeyrir..... | 27 | 14 | 41 | 46 |
| Rekstrarkostnaður..... | 1.522 | 168 | 1.690 | 1.611 |
| Skuldbindingar alls | 76.916 | 6.045 | 82.961 | 80.490 |
| Eignir umfram skuldbindingar..... | (13.710) | 37.723 | 24.013 | 21.745 |
| Í hlutfalli af skuldbindingum..... | (17,8%) | 624,0% | 28,9% | 27,0% |

Ef ekki er tekið tillit til endurgreiðslna launagreiðenda á greiddum lífeyri verður tryggingafæðileg staða eftirfarandi:

| | | | | |
|---|----------|---------|----------|----------|
| Samtals eignir umfram skuldbindingar..... | (13.710) | (3.587) | (17.297) | (18.908) |
| Í hlutfalli af skuldbindingum..... | (17,8%) | (59,3%) | (20,8%) | (23,5%) |

Kennitölur

| | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 |
|--|------|------|------|------|-------|
| Ávöxtun | | | | | |
| Nafnávöxtun | 8,0% | 8,0% | 8,6% | 5,1% | 12,5% |
| Hrein raunávöxtun | 4,2% | 3,4% | 3,2% | 2,4% | 3,6% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 3,4% | 3,0% | 4,0% | 4,1% | 4,3% |

Hlutfallsleg skipting fjárfestinga

| | | | | | |
|---|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð | 6,8% | 3,5% | 1,8% | 1,1% | 1,7% |
| Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð | 2,5% | 1,9% | 1,9% | 1,6% | 1,5% |
| Verðbréf með föstum tekjum, skráð | 36,4% | 35,7% | 35,2% | 32,4% | 27,2% |
| Verðbréf með föstum tekjum, óskráð | 52,9% | 57,2% | 59,1% | 62,7% | 67,2% |
| Veðlán | 1,4% | 1,8% | 2,0% | 2,2% | 2,4% |
| | <u>100,0%</u> | <u>100,0%</u> | <u>100,0%</u> | <u>100,0%</u> | <u>100,0%</u> |

Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlun

| | | | | | |
|-------------------------------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Eignir í íslenskum krónum | 98,8% | 99,2% | 99,2% | 99,8% | 100,0% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 1,2% | 0,8% | 0,8% | 0,2% | 0,0% |
| | <u>100,0%</u> | <u>100,0%</u> | <u>100,0%</u> | <u>100,0%</u> | <u>100,0%</u> |

Fjöldi

| | | | | | |
|---|------|-------|-------|-------|-------|
| Fjöldi sjóðfélaga (meðaltal virkra) | 613 | 668 | 740 | 792 | 845 |
| Fjöldi lífeyrisþega (meðatal) | 3027 | 2.906 | 2.783 | 2.719 | 2.613 |

Hlutfallsleg skipting lífeyris

| | | | | | |
|----------------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Ellilífeyrir | 75,0% | 73,9% | 73,8% | 73,3% | 72,8% |
| Makalífeyrir | 18,4% | 19,0% | 19,0% | 19,2% | 20,3% |
| Örorkulífeyrir | 6,5% | 7,0% | 7,1% | 7,4% | 6,8% |
| Barnalífeyrir | 0,1% | 0,1% | 0,1% | 0,1% | 0,1% |
| | <u>100,0%</u> | <u>100,0%</u> | <u>100,0%</u> | <u>100,0%</u> | <u>100,0%</u> |

Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt

Með framtíðar endurgreiðslu launagreiðenda á greiddum lífeyri:

| | | | | | |
|---|---------|---------|---------|---------|---------|
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | 28,9% | 27,0% | 27,6% | 30,6% | 28,0% |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar | (17,8%) | (19,8%) | (18,7%) | (15,5%) | (16,5%) |

Án framtíðar endurgreiðslu launagreiðenda á greiddum lífeyri:

| | | | | | |
|---|---------|---------|---------|---------|---------|
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | (20,8%) | (23,5%) | (22,9%) | (20,3%) | (22,7%) |
|---|---------|---------|---------|---------|---------|

Rekstur

| | | | | | |
|---|--------|--------|--------|--------|--------|
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af hreinni eign | 0,1% | 0,1% | 0,1% | 0,1% | 0,1% |
| Lífeyrisbyrði (lífeyrir í hlutfalli af iðgjöldum) | 154,0% | 150,9% | 146,2% | 146,8% | 142,6% |